

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 21.01.2021.

Aðalfundurinn var haldinn í veislusal Samskipahallarinnar 21.jan.2021. Honum var frestað frá nóvenber 2020 vegna Covid ástands í Þjóðfélaginu. Fundarstjóri var kjörinn Þröstur Gestsson og fundarritari Guðjón Tómasson.

Hannes Hjartarson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir endurskoðaða reikninga félagsins, engar athugasemdir voru gerðar. Félagsmenn eru nú 80 talsins.

Kosning stjórnar: Úr stjórn áttu að ganga Kristinn Hugason og Guðjón Tómasson. Kristinn hafði sagt sig úr stjórn 2 vikum áður en Guðjón gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nýir í stjórn voru kosnir, Snæbjörn Sigurðsson í aðalstjórn til 3ja ára og Ríkhartur Flemming Jensen í varastjórn til 3ja ára. Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir Hjalti Halldórsson og Hilmar Sæmundsson.

Árgjald var samþykkt óbreytt kr. 2000.

Síðan fór fram verðlaunaafhending fyrir efstu hross í 4 flokkum , auk þess fyrir ræktunarmann ársins og ræktunarbú ársins. Video var sýnt af efstu 3 hrossum í hverjum flokki sem Magnús Benediktsson og Þröstur Gestsson höfðu unnið. Úrslit voru eftirfarandi:

Kynbótasýningar – árangur 2020

Ræktunarbú ársins 2020.

11 bú með tilskilin fjölda sýndra afkvæma skv. reglum Hrossaræktarfélags Spretts. 3 bú tilnefnd.

Flagbjarnarholt: meðaleinkunn aldursleiðrétt 8,503, fjöldi 3, stig 5

Efsta-Sel : meðaleinkunn aldursleiðrétt 8.414, fjöldi 5, stig 5

Eystra Fróðholt: meðaleinkunn aldursleiðrétt 8,248, fjöldi 6, stig 5.

Ræktunarmaður ársins 2020: 3 efstu

Magnús Einarsson: Rauðskeggur f. Kjarnholtum I 8,87 (fær ekki leiðréttingu)

Sveinbjörn Bragason: Fold frá Flagbjarnarholti 8,73 (fær ekki leiðréttingu)

Gunnar Már Þórðarson: Már f. Votumýri 8,55 (fær 7 stig í leiðréttingu var 8,48)

Kynbótahross í 4 flokkum hryssna og hesta – 3 efstu hross.

4v. hestar:

Logi frá Valstrýtu IS 2016180713 AE: 7,77

4v.hryssur:

List frá Efsta-Seli IS2016286644 AE: 8,28

Flugsvinn f. Ytra-Dalsgerði IS2016265792 AE:8,01

5v hestar:

Hilmir frá Hamarsey IS2015182313 AE: 8,35 – AE án skeiðs 8,74

Kraftur frá Eystra-Fróðholti IS2015186182 AE: 8,35- AE án skeiðs 8,33

Náttfari frá Neðra-Seli IS2015186820 AE 8,00

5v. hryssur:

Dimma frá Efsta-Seli IS2015286044 AE: 8,37

Hrund frá Efsta-Seli IS2015286202 AE:8,31

Sara frá Vindási IS2015284980 AE: 8,17

6v hestar:

Már frá Votumýri IS2015187937 AE: 8,48

Bliki frá Vesturkoti IS2014187870 AE: 8,08

6v. hryssur

Fjöður frá Flagbjarnarholti IS2014286654 AE:8,46

Vala frá Eystra-Fróðholti IS2014286185 AE:8,39

Bryðja frá Barkarstöðum IS2014280708 AE:8,36

7v hestar og eldri

Rauðskeggur frá Kjarnholtum IS2011188560 AE: 8,87

7v hryssur og eldri:

Fold frá Flagbjarnarholti IS IS2012286654 AE:8,73

Sif frá Eystra-Fróðholti IS2010286200 AE: 8,38

Þoka frá Hamarsey IS2011282319 AE: 8,37

Önnur mál: Ákveðið var að stefna að ræktunardegi 13. febrúar með forskoðun kynbótahrossa og fyrirlestri. Stefna að unghrossakeppni 22.apríl. Þrígangsmót þar sem félagsmenn keppa sjálfir á hrossum 4 og 5 vetra úr eigin ræktun. Aðrar mögulegar upptækur munu m.a. ráðast af Covid ástandi og fleiru. Fundarmenn voru samtals 18. Fleira ekki tekið fyrir.

Guðjón Tómasson fundarritari

